

**Ed.**

**564. Breytingartillögur**

við frv. til áfengisлага.

Frá Jónasi Kristjánssyni.

1. 8. gr. orðist þannig:

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisversluninni forstöðn. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honnm skal skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrnargögn, er talin verða í lyfsöluskránni, fyrir rikissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfja-sölu, og sjúkrahús. Sjúkrahúslæknar annast um útvegun á þessnm vörum

handa sjúkrahúsunum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.

2. 10. gr. orðist þannig:

Á vinanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25%—75%, miðað við verð þess komið í hús þjer á landi að meðtöldum tolli.

Lyf, er verslunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar.

Áfengisverslunin og útibú hennar mega ekki láta áfengi af hendi nema gegn greiðslu út í hönd, en þó skal heimilt að lána áfengi í lyf, ef hrýna nauðsyn ber til.